10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

27. desember 1973. Nr. 388.

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 550.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

***Jóhannes Guðfinnsson.***

28. desember 1973. Nr. 389.

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum. Hvert gjaldstig (skammstafað g) jafngildir kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.

## I. KAFLI
## RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

### 1. Orku- og afltaxtar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11. | Um mestaaflsmæli: | | | |
| | Fyrir hverja kWst. | | 0.3 g | = kr. 1.00 |
| | — hvert árskílówatt | | 1 600 g | = kr. 5 440.00 |
| | Fast árgjald: | | | |
| | — grunngjald | 1 600 g | | |
| | — mæligjald skv. 2. kafla | M 1 = 1 600 g | = 3 800 g | = kr. 10 880.00 |
| 12. | Um markaflsmæli: | | | |
| | Fyrir hverja kWst. | | | |
| | — allrar notkunar | | 0.3 g | = kr. 1.00 |
| | — í notkun umfram markstillingu | | 3 g | = kr. 10.00 |
| | — hvert árskílówatt | | 1 600 g | = kr. 5 440.00 |
| | Fast árgjald: | | | |
| | — grunngjald | 1 600 g | | |
| | — mæligjald skv. 2. kafla | M 2 = 1 200 g | = 2 800 g | = kr. 9 520.00 |

### 2. Orkutaxtar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 21. | Um kWst.-mæli: | | | |
| | Fyrir hverja kWst. | | 1 g | = kr. 3.40 |
| | Fast árgjald: | | | |
| | — grunngjald, reiknað skv. lið v. 21 | | 600 g/kW | kr./kW 2 040.00 |
| | — mæligjald, skv. 2. kafla | M 3 = 600 | g | = kr. 2 040.00 |
| | Lágmark 5 000 g/ári, sbr. skýringu v. 21. | | | |
| 22. | Um kWst.-mæli: | | | |
| | Fyrir hverja kWst. | | | |
| | — fyrstu notkunar, 1 200 kWst./ári eða minna | | 3 g | = kr. 10.00 |
| | — notkunar umfram 1 200 kWst./ári | | 2 g | = kr. 6 80 |
| | Fast árgjald: mæligjald skv. 2. kafla | | 600 g | = kr. 2 040.00 |

### 3. Tímataxtar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 31. | Um kWst.-mæli til hitunar: | | |
| | 31.1 Án rofs | 0.64 g | = kr. 2.18 |
| | 31.2 Með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring | 0.36 g | = kr. 1.22 |
| | 31.3 Með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring | 0.34 g | = kr. 1.16 |
| | 31.4 Með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring | 0.27 g | = kr. 0.92 |
| | 31.5 Með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring | 0.19 g | = kr. 0.65 |

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31.1—5 eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

### 4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g fyrir hverja kWst.

*Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta.*

v. 11: Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.

v. 12: Lágmarksstilling markafls er 5 kW.

v. 21: Grunngjald reiknast þannig:

a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:
af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kW.

b) vegna lýsingar o. fl.:
miðað við 0.05 kW á hvern m$^2$ gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) vegna rafmagns til heimila:
í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kW á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m$^2$ reiknast sem tvö.

Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5 000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.

v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra,

b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra,

c) að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla gjaldskrár,

d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir,

e) að notkun um mæli hitalagnarinnar sé minnst 6 000 kWst./ári.

v. 1—4, almennt:

a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknist í hálfum eða heilum tug aura.

## II. KAFLI
## MÆLIGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Af mælum, þ. e.: | | | |
| — mestaaflsmælum | M 1 = | 1 600 | gjaldstig |
| — markaflsmælum | M 2 = | 1 200 | — |
| — kWst.-mælum | M 3 = | 600 | — |
| 2. Af rofum, þ. e.: | | | |
| — klukkurofum 80 A og stærri | R 1 = | 800 | — |
| — klukkurofum minni en 80 A, og fjarstýritækjum | R 2 = | 600 | — |

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

## III. KAFLI
## TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

| 1 | 2 | | 3 | | 4 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Málstraumur stofnvara í | | | | Tengigjöld skv. jöfnu g = 1500 + 150 × kVA | |
| Gjaldskrárliður | 220 V kerfi A | 380 V kerfi A | Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis | kVA | Gjaldstig g | Tengigjald kr. |
| T 1 | 2 × 60 | 1 × 60 | 0.22 × 60 = | 13 | 3 400 | 11 560.00 |
| T 2 | 3 × 60 | 2 × 60 | 0.38 × 60 = | 22 | 4 800 | 16 320.00 |
| T 3 | 3 × 100 | 3 × 60 | 0.38 × 100 = | 38 | 7 200 | 24 480.00 |
| T 4 | | 3 × 100 | 0.66 × 100 = | 66 | 11 400 | 38 760.00 |
| T 5 | 3 × 200 | | 0.38 × 200 = | 76 | 12 900 | 43 860.00 |
| T 6 | 3 × 350 | 3 × 200 | 0.66 × 200 = | 132 | 21 300 | 72 420.00 |
| T 7 | | 3 × 350 | 0.66 × 350 = | 231 | 36 100 | 122 740.00 |
| T 8 | | | | 300 | 41 500 | 141 100.00 |
| T 9 | | | | 500 | 76 500 | 260 100.00 |

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnum og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði.

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

Y (L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra,

að viðbættum 2 000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalds gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1 500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

## IV. KAFLI
## OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

## V. KAFLI
## VERÐGILDI

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974.
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á rekstursskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildinu 3.40 er þannig, reiknað í aurum og %.

| | aurar | % |
|---|---|---|
| Raforkukaup (orkukostnaður + verðjöfnunargjald) ........ | 210.4 | 61.9 |
| Laun ........ | 56.1 | 16.5 |
| Rafveitukerfi (efni o. fl.) ........ | 34.1 | 10.0 |
| Ýmiss kostnaður (opinber gjöld, skrifstofukostnaður o. fl.) .... | 39.4 | 11.6 |
| Vísitala rekstursskostnaður, samtals aurar og % .............. | 340 | 100 |

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef kostnaðarvísitalan hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Iðnaðarráðuneytinu áður en þær taka gildi, og skulu þær auglýstar með nægum fyrirvara.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 175 18. maí 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

28. desember 1973. Nr. 390.

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1973.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftir-